77
27. júní

Lög

um

hlutafjelög.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutafjelag merkir í lögum þessum hvert það fjelag, sem stofnað er með fjárframlögum, skiftum í fyrirfram ákveðna hluti, til þess að afla ágóða til skiftingar með einhverjum hætti meðal fjelaga, enda ábyrgist enginn þeirra skuldir fjelagsins persónulega, heldur allir saman einungis með eignum þess.

Þó taka lög þessi eigi til fjelaga með takmarkaðri ábyrgð, sem starfa í þeim tilgangi að útvega fjelögum sínum hluti til notkunar eða koma afurðum þeirra í verð eða bæta með öðrum hætti hag þeirra, enda sje starfsemi fjelagsins takmörkuð við fjelaga eina og arði skift með þeim, eftir hlutdeild þeirra í veltu fjelagsins einvörðungu.

Að því leyti sem sjerákvæði eru í lögum eða verða sett í lög um einstök hlutafjelög, þá eru þau undanþegin fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Hlutafjelögum einum er rjett og skylt að hafa orðið „hlutafjelag“ í heiti sínu, eða skammstafanir úr því orði, er ekki orki tvímælis.

II. kafli. 77

27. júní

Stofnun hlutafjelaga.

3. gr.

Nú vilja menn stofna hlutafjelag, og skulu þeir þá gera um það með sjer skriflegan samning, er stofnsamningur heitir, og skal í honum greina:

1. Heiti fjelags og heimilisfang.
2. Í hvaða skyni fjelagið eigi að stofna.
3. Hversu mikið hlutafje sje ákveðið, hversu mikill hluti þess sje þegar fenginn, hvernig eigi að afla þess, sem ófengið er, með almennu útboði eða hjá ákveðnum mönnum, upphæð hluta og hversu mikið hver stofnenda leggi til.
4. Kostnað af stofnun fjelagsins, ef ætlast er til þess, að fjelagið greiði hann, þar á meðal þóknun handa stofnendum sjálfum.
5. Hvort nokkrum hlutum í fjelaginu skuli sjerrjettindi fylgja eða hvort ákveðnum flokki eða stjett manna er áskilinn forgangsrjettur til að skrifa sig fyrir hlutum í fjelaginu.
6. Hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum, ef til kemur.
7. Hvort skorður sjeu reistar við heimild hluthafa til framsals eða veðsetningar hlutabrjefa.
8. Hvort hlutabrjef skuli gefa út til nafngreinds manns eða til handhafa.
9. Hvort fjelagið eigi að taka við atvinnu annars manns eða eignum, og ef svo er, þá með hvaða kjörum, hvernig andvirði þeirrar atvinnu eða eigna sje ákveðið og hvort það skuli greiða með hlutum í fjelaginu eða með öðrum hætti.
10. Hvort stofnendur áskilji sjer stöðu hjá fjelaginu eða önnur fríðindi, hvort stjórn þess eða skipulag að öðru leyti skuli verða með ákveðnum hætti.

Skjöl öll og samningar er gerðir kunna að hafa verið vegna fjelagsstofnunarinnar, skulu fylgja stofnsamningi, annaðhvort í frumriti eða eftirriti, staðfestu af stofnendum eða notarius publicus. Sammæli manna um efni, er fjelagsskapinn varða og eigi fylgja stofnsamningi með framanskráðum hætti, eru fjelaginu óviðkomandi.

Frumvarp til samþykta handa fjelaginu skal fylgja stofnsamningi.

4. gr.

Allir, sem undirskrifa stofnsamning, skulu taldir stofnendur fjelags. Skulu þeir rita full nöfn, stöðu og heimili, svo að ekki verði um vilst.

Stofnendur mega ekki færri vera en 5. Þeir skulu hafa lofað að leggja fram eða lagt fram hluti í fjelaginu fyrir að minsta kosti 2000 kr. alls. Stofnendur skulu vera lögráðir menn, með óflekkað mannorð, fjár síns ráðandi og

77
27. júní

að öðru leyti þeim kostum búnir, er þeir skyldu hafa lögum samkvæmt til þess að reka í sínu nafni atvinnu fyrirhugaðs fjelags eða til að eiga þær eignir, sem fjelaginu er ætlað að eignast.

5. gr.

Nú leggja stofnendur einir, eða með þeim, er kynnu að hafa verið við undirskrift stofnsamnings staddir eða síðar koma til, fram alt hlutafjeð, og má þá stofna fjelagið, enda er því þá rjett að taka til starfa jafnskjótt sem samþyktir þess eru löglega settar og skrásetning þess hefir farið fram. Ella verður hlutafjelag stofnað að eins að því tilskildu, að hlutafjeð fáist.

6. gr.

Stofnendur skulu kveðja alla þá á fund, sem lofað hafa fjárframlögum til fjelagsins. Á fundi þessum má setja fjelaginu samþyktir, en ekkert má í þær setja er brjóti bág við stofnsamning, nema honum sje jafnframt breytt í samræmi við það. Þá skal og kjósa stjórn og endurskoðendur, nema samþyktir áskilji fyrsta hluthafafundi kjör þeirra. Þeir einir eru bundnir við ákvarðanir fundar þessa, sem hann hefir verið boðaður, eða hafa sótt hann eða síðar samþykt þær. Þó er enginn bundinn við breytingar á stofnsamningi, nema hann hafi goldið jákvæði við þeim.

7. gr.

Nú er almenningi veittur kostur á því að skrifa sig fyrir hlutum í fjelagi, og skal það þá gera með opinberri auglýsingu (boðsbrjefi).

Í boðsbrjefi skal greina:

1. Nákvæmt ágrip af stofnsamningi, sbr. 6. gr.
2. Ákvæði samþykta, ef gerðar hafa verið um atkvæðisrjett hluthafa.
3. Hverjir sjeu stjórnendur fjelags og endurskoðendur, ef þeir hafa þegar verið kosnir, sbr. 6. gr.
4. Hversu mikið af hlutafje sje þegar fengið og hversu miklu eigi að safna með þessum hætti.
5. Hver upphæð hluta sje og gengi.
6. Hvar og hversu lengi kostur sje að skrifa sig fyrir hlutum og hvaða ákvæði sjeu sett þarum að öðru leyti.
7. Hvernig með skuli fara, ef fram kynni að verða lagt meira fje en ákveðið var að safna.
8. Hvernig birta skuli árangur af hlutafjársöfnun.
9. Hvar og hvenær stofnsamningur, samþyktir fjelagsins og önnur skjöl sjeu til sýnis.

8. gr.

Eigi má lengri tími en 6 mánuðir, talið frá dagsetningu boðsbrjefs, ganga til að safna því hlutafje, sem lægst er tiltekið í boðsbrjefi samkvæmt 7. gr. Innan 2 mánaðar frá því er hlutafjársöfnun er lokið, skal birta árangurinn.

Ef eigi fást loforð um framlög þess hlutafjár, er lægst var tiltekið í boðsbrjefi, áður en áskriftarfrestur er liðinn, þá eru öll loforð um hlutaframlög úr gildi fallin. Og eigi er áskrifanda þá skylt að greiða að neinu leyti kostnað, nema svo hafi verið tilskilið í boðsbrjefi. Ef hann hefir þegar greitt eitthvað, er það afturkræft með sparisjóðsvöxtum frá greiðsludegi.

Nú fást loforð um framlög þess hlutafjár, er lægst var tiltekið í boðsbrjefi, áður liðinn sje áskriftarfrestur, og er þá rjett að halda áfram hlutafjársöfnun 4 mánuði hina næstu, uns það hlutafje er fengið, er hæst var tiltekið í stofnsamningi.

9. gr.

Nú hefir hlutafjársöfnun tekist, og skulu þá stofnendur eða stjórn, ef hún hefir þegar verið skipuð, boða, svo fljótt sem unt er, áskrifendur til fundar. Á þeim fundi skal ákveða stofnun fjelagsins til hlítar. Fjelagið er þá löglega stofnað, nema fundarmenn, er ráða yfir helmingi hlutafjár eða meira, felli tillögu í þá átt. Fer þá um rjett áskrifenda samkvæmt 8. gr. 2. málsgr.

Nú er fjelag löglega stofnað, og skal þá setja því samþyktir og kjósa stjórn og endurskoðendur, nema það hafi þegar verið gert, sbr. 6. gr. Ákvæði 6. gr. gilda hjer, að því leyti sem þau eiga við.

III. kafli.

Skrásetning hlutafjelaga.

10. gr.

Eigi má hlutafjelag taka til starfa fyrr en það hefir verið skrásett lögum samkvæmt. Fyrr getur það eigi heldur öðlast rjettindi á hendur öðrum mönnum með samningum, nje þeir á hendur því, sbr. þó 20. gr.

Eigi má skrásetja hlutafjelag fyrr en:

1. Fengin eru loforð um framlög hlutafjár þess, er lægst var tiltekið í stofnsamningi, eða boðsbrjefi, ef opinbert hlutaútboð hefir verið haft.
2. Fjelagið er löglega stofnað samkvæmt 5. eða 9. gr.
3. Fjórðungur lofaðs hlutafjár er greiddur.

Tilkynna skal fjelagið til skrásetningar á mánaðarfresti eftir að það er löglega stofnað. Tilkynningarskylda hvílir á stjórn þess.

77
27. júní

11. gr.

Skrásetningu hlutafjelaga annast lögreglustjóri, þar sem heimili fjelags er, sbr. 13. gr. Hlutafjelög skal skrá í sjerstaka skrá (hlutafjelagaskrá). Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um skipulag hlutafjelagaskráa.

12. gr.

Atvinnumálaráðherra lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar, og skal þær allar rita á þau eyðublöð.

Í tilkynningu skal greina:

1. Heiti fjelagsins.
2. Heimili þess og varnarþing. Ef það hefir útibú eða setur það síðar, þá skal einnig tilkynna það samkvæmt 11. gr.
3. Tilgang fjelagsins.
4. Dagsetning samþykta þess.
5. Full nöfn, stöðu og heimili stofnenda.
6. Full nöfn, stöðu og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
7. Hver eða hverjir hafa heimild til að skuldbinda fjelagið með samningum, þar á meðal ef að eins tveir eða fleiri stjórnendur hafa þá heimild í sameiningu, og hvernig undirskriftum sje hagað.
8. Upphæð hlutafjár og greining þess í hluti.
9. Hvort hlutafjársöfnun sje lokið eða hvort hún haldi áfram.
10. Hversu mikið sje greitt af hlutafje og hvenær það sje kræft, sem ógreitt er.
11. Hvort hlutabrjef eigi að hljóða á nafn eða handhafa.
12. Hvort nokkrum hlutum fylgi sjerrjettindi.
13. Hvort nokkrir hluthafar skulu skyldir að þola lausn á hlutum sínum.
14. Hvort nokkrar hömlur sjeu lagðar á meðferð hluthafa á hlutabrjefum sínum.
15. Ákvæði samþykta um atkvæðisrjett hluthafa
16. Hvernig boða skuli hluthöfum fundi eða birta þeim aðrar tilkynningar.

Tilkynningu skal fylgja:

a. Eftirrit af stofnsamningi með fylgiskjölum.
b. Eftirrit af boðsbrjefi, ef það hefir verið gefið út.
c. Samþyktir fjelagsins í 2 eintökum.
d. Sönnun fyrir því, að stofnendur og stjórnendur fullnægi lögmæltum skilyrðum.

Þeir, sem heimilt er að rita firma, skulu sýna með eigin hendi, hvernig undirskriftum sje hagað.

13. gr.

Í lögsagnarumdæmi, þar sem hlutafjelag setur útibú, skal einnig skrásetja fjelagið. Í tilkynningu, sem komin skal vera til lögreglustjóra þegar útibúið tekur til starfa, skal, auk þess er í 12. gr. segir, geta þess, hver eða

hverjir stýri útibúi og skuldbindi fjelagið vegna þess. Ef aðalskrifstofa og útibú eru í sama lögsagnarumdæmi, skal aðeins tilkynna, að útibúið sje sett og hver skuldbindi fjelagið vegna útibúsins. 77 27. júní

14. gr.

Nú verður samþyktum hlutafjelags breytt eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynt hefir verið til skrásetningar, og skal þá tilkynna breytinguna innan mánaðar frá því er hún varð, ásamt sönnun fyrir lögmæti hennar. Eigi þarf þó að tilkynna bústaðaskifti, nema maður taki sjer bólfestu utanlands. Ef hlutafjelag skiftir um heimilisfang, skal það og eigi tilkynna, nema það flytjist í annað lögsagnarumdæmi, enda skal þá skrásetja það þar.

15. gr.

Fylgja skulu lögboðin gjöld tilkynningu.

Nú vantar greinargerð í tilkynningu um einhver þau atriði, sem í 12. gr. getur, eða lögboðin fylgiskjöl, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri þá synja skrásetningar, en birta skal hann það tilkynnanda svo fljótt sem kostur er á. Rjett er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra, en heimilt er honum samt sem áður að leita úrlausnar dómstóla um það.

16. gr.

Nú telur einhver rjetti sínum hallað með skrásetningu hlutafjelags, og er honum þá rjett að bera það mál undir dómstóla, enda hafi hann birt stjórn fjelagsins dómstefnu innan 6 mánaða, talið frá lokum þess mánaðar, er skrásetning fór fram. Ef aðili æskir þess, þá skal skrá kauplaust athugasemd um málsúrslit í hlutafjelagaskrá og birta síðan samkvæmt 17. gr.

17. gr.

Lögreglustjóri skal birta tafarlaust og á kostnað tilkynnanda það, sem skrásett hefir verið, í Lögbirtingablaðinu. Tilkynning skal öll sett í auglýsingu, en fylgiskjöl eigi.

Atvinnumálaráðherra lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda um árslok hver skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

18. gr.

Um firmu hlutafjelaga fer samkvæmt ákvæðum firmalaganna.

Sama er um varnarþing, stefnubirtingu og stefnufrest í málum á hendur fjelagi.

77
27. júní

19. gr.

Það, sem skrásett hefir verið og birt samkvæmt 17. gr. 1. málsgr., skal telja manni kunnugt, nema atvik sjeu svo vaxin, að telja megi hann hvorki hafa haft vitneskju um það nje að til þess verði ætlast af honum.

Nú hefir birting samkvæmt 17. gr. 1. málsgr. eigi fram farið, og hefir tilkynningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.

IV. kafli.

Um hlutafje, hlutabrjef o. fl.

20. gr.

Hver sem hefir skrifað sig fyrir hlut, er skyldur að greiða hann á gjalddaga, sbr. þó 8. gr. 2. málsgr. Ef brestur verður á þessu, ber honum að svara 6% ársvöxtum af því, sem eigi er rjett greitt, frá gjalddaga til greiðsludags. Stofnendur eða stjórn fjelags, ef hún er skipuð fyrir gjalddaga hlutafjár, eru rjettir sækjendur þessa máls, enda má sækja það fyrir gestarjetti á heimilisvarnarþingi fjelagsins, sbr. 3. gr. 1. tölul., 7. gr. 1. tölul. og 12 gr. 2. tölul.

Nú telur áskrifandi rjetti sínum hallað, og getur hann þá höfðað mál á hendur stofnendum eða stjórnendum, ef stjórn er skipuð, með sama hætti sem í 1. málsgr. segir.

21. gr.

Stjórn hlutafjelags, eða stofnendur, þar til er stjórn er skipuð, eða umboðsmenn þeirra gefa út bráðabirgðaskírteini fyrir greiddu hlutafje. Bráðabirgðaskírteini skal greina:

1. Nafn og heimili fjelags.
2. Upphæð hluta, er áskrifandi hefir lofað, hvað greitt sje, hvað eftir standi og hvenær það megi heimta.

Þess skal ennfremur geta í skírteini, ef ákveðið hefir verið:

a. Að sumum hlutum skuli fylgja einhver forrjettindi.
b. Að hluthöfum skuli skylt að þola lausn á hlutum sínum.
c. Að hömlur sjeu lagðar á meðferð bráðabirgðaskírteina og hlutabrjefa.

Skrá skal halda yfir bráðabirgðaskírteini samkvæmt 23. gr., eftir því sem við á.

22. gr.

Hlutabrjef má ekki gefa út fyrr en fjelag er skrásett og hlutur að fullu greiddur.

Í hlutabrjefi skal greina:

1. Nafn og heimili fjelags.
2. Upphæð hlutar.
3. Þau atriði, er í 21. gr. 2. tölul. a—c segir, að því leyti sem við á.
4. Dagsetning samþykta.
5. Tölu (númer) brjefsins.

Stjórnendur skulu allir setja nöfn sín undir hlutabrjef. Eiginhandarnöfn, að minsta kosti 3, skulu vera undir hverju hlutabrjefi.

23. gr.

Stjórn fjelags skal halda skrá yfir hlutabrjef í framhaldandi töluröð, og skal þar greina.

1. Útgáfudag hvers hlutabrjefs.
2. Til handa hverjum hlutabrjef var útgefið, ef það var gefið út til nafngreinds manns, fjelags eða stofnunar.
3. Nafnverð brjefs.
4. Eigandaskifti, ef þau hafa verið tilkynt.
5. Forrjettindi, er kunna að fylgja brjefi, svo og ef eigandi þess skal standa að baki öðrum hluthöfum.
6. Þær breytingar, er verða kunna á skiftum fjelags og eiganda brjefsins, svo sem ef ógildingardómur er fenginn á brjefi, ef fjelagið leysir brjef til sín o. s. frv..

24. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið að auka hlutafje eða heimilað stjórninni að gera það. Þó má stjórnin, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, bjóða út hlutafjárauka, að áskildu samþykki hluthafafundar.

25. gr.

Nú er almenningi veittur kostur á því að skrifa sig fyrir hlutum samkvæmt 24. gr., og skal stjórn fjelagsins þá undirrita boðsbrjefið. Í því skal vera greinargerð um þau atriði, sem í 3. gr. 5.—9. tölul. og 7. gr. 1.—9. tölul. segir, um það, hvort eldri hluthöfum sje áskilinn forgangsrjettur til áskriftar og annað, sem ákveðið kann að hafa verið um hlutafjáraukann.

Ákvæði laga þessara um hlutafjársöfnun og skifti fjelags og áskrifenda gildir eftir því sem við á.

26. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið minkun hlutafjár.

Ef hlutafje á að minka um helming eða minna og niðurfærslan veldur því, að greiða þarf verð hluta af eignum fjelags eða áskrifendur verða leystir

77 undan greiðslu á lofuðum hlutafjárframlögum, enda sje það ekki skylt eftir
27. júní löglegri fjelagssamþykt, tilkyntri 12 mánuðum áður hlutafjárminkun sje samþykt, þá skal stjórn fjelagsins birta í Lögbirtingablaðinu áskorun, með 6 mánaða fyrirvara, til lánardrottna fjelagsins um að lýsa kröfum sínum áður frestur sá sje liðinn. Eigi má greiða hluthöfum nje leysa áskrifendur undan greiðsluskyldu fyrr en skuldalýsingarfrestur er liðinn nje heldur fyrr en viðurkendar eindagaðar kröfur eru greiddar og trygging sett fyrir greiðslu á óeindögguðum eða ósamþyktum kröfum. Nú skilur menn á um tryggingu, og skulu þá dómkvaddir menn meta, enda skulu aðilar hlíta því mati.

Atvinnumálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 2. málsgr., enda sje sannað, að fjelagið eigi fyrir skuldum á því bili, sem hlutafjárminkun er lokið.

Fjelagsstjórnin skal kveðja hluthafa, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og með árs fyrirvara, til að gefa sig fram með hlutabrjef sín eða bráðabirgðaskírteini, til þess að færa hluti niður, taka við greiðslu þeirra eða skifta um hlutabrjef. Að fresti loknum getur stjórnin lýst þau hlutabrjef og bráðabirgðaskírteini ógild, sem eigi hafa fram komið, enda skal sú ákvörðun þegar auglýst í Lögbirtingablaðinu. Sá, er gefur sig fram með hlutabrjef eða bráðabirgðaskírteini með formrjettri heimild innan 10 ára frá lokum framvísunarfrest, fær þó greitt nafnverð þeirra. Ef draga skal út til innlausnar ákveðna tölu brjefa, þá skal notarius publicus hafa eftirlit með útdrættinum, og auglýsa skal það þegar í Lögbirtingablaðinu, hvaða brjef hafi verið út dregin. Innan mánaðar frá lokum framvísunarfrests skal gefa út ný hlutabrjef, ef hlutafjárminkun gerir útgáfu þeirra nauðsynlega.

Ef eigandaskifti verða að ógiltu, útdregnu eða niðurfærðu brjefi, eftir að það hefir verið löglega auglýst, á eigandi þess að eins rjett til þess að taka við og kvitta fyrir fjárhæð þeirri, sem greidd kann að verða samkvæmt 4. málsgr., og til að taka við nýju brjefi, ef því er að skifta.

Nú greiðir stjórnin verð hluta, eða leysir menn undan greiðsluskyldu gagnstætt fyrirmælum 2. málsgreinar, sbr. 3. málsgr., og ábyrgjast þá stjórnendur, einn fyrir alla og allir fyrir einn, skuldir fjelagsins, að því leyti sem því nemur, sem greitt var og leyst var undan að greiða. Hluthafa er og skylt að skila því aftur, sem hann hefir við tekið, og að greiða það, er hann var leystur undan að gjalda, gagnstætt ákvæðum 2. málsgreinar, sbr. 3. málsgr. Sök á hendur stjórnendum eða hluthafa má sækja fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelagsins. Nú brýtur fjelagsstjórn fyrirmæli 2. málsgr., og er þá söm ábyrgð hennar gagnvart hluthafa sem áður var mælt, enda má sömu meðferð hafa á sök.

27. gr.

Ákvörðun um minkun hlutafjár skal tilkynna til skrásetningar þegar eftir að hún hefir verið gerð. Tilkynningu um framkvæmd hlutafjárminkunar skal fylgja sönnun fyrir því, að svo hafi verið með farið sem í 26. gr. er mælt.

28. gr.

Hlutafjelag má ekki taka hlutabrjef sjálfs sín eða bráðabirgðaskírteini til tryggingar, eða lána út á þau.

Eigi má hlutafjelag eiga sjálft meira en 10% af greiddu hlutafje sínu nema atvinnumálaráðherra leyfi. Árlega skal tilkynna til skrásetningar eign fjelags í hlutabrjefum sjálfs sín, enda skal sú eign greind á sjerstökum lið í efnahagsreikningi þess.

Fjelagsstjórnin fer með atkvæði fyrir þá hluti, er í 2. málsgr. segir, nema öðruvísi sje um mælt í samþyktum fjelagsins.

29. gr.

Nú glatast bráðabirgðaskírteini eða hlutabrjef, og má þá fá það ógilt með dómi lögum samkvæmt. Í samþyktum hlutafjelags má heimila fjelagsstjórninni að gefa út nýtt bráðabirgðaskírteini eða hlutabrjef, í stað glataðs, ef fjelagsstjórnin telur nægar sönnur færðar á, að skírteinið eða hlutabrjefið hafi eyðilagst, enda nemi upphæðin ekki meiru en 200 kr.

Ef hlutabrjef eða bráðabirgðaskírteini skemmist, en þó verður eigi vilst um tölu skjalsins og efni, getur handhafi fengið nýtt brjef í staðinn á sinn kostnað, enda skili hann því, sem skemt var.

V. kafli.

Um stjórn hlutafjelaga, hluthafafundi o. fl.

30. gr.

Hluthafafundur hefir æðsta vald í málefnum fjelags, með þeim hætti, sem lög ákveða og samþyktir þess.

Halda skal reglulegan hluthafafund einu sinni ár hvert (ársfund). Þar að auki getur fjelagsstjórn boðað til hluthafafundar (aukafundar) hvenær sem henni þykir þess þörf. Ennfremur er stjórn skylt að boða til aukafundar, ef hluthafar, sem ráða yfir fimtungi hlutafjár, nema öðruvísi segi í samþyktum, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Nú hefir stjórn ekki boðað fund innan 14 daga eftir að henni barst krafan, og geta hluthafar þá sjálfir gert það.

Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

Á ársfundi skal ávalt leggja fram endurskoðaða reikninga fjelags fyrir umliðið reikningsár og taka ákvörðun um þá. Þá skal og kjósa stjórn, 3 menn eða fleira, og 2 eða fleiri endurskoðendur reikninga fjelagsins.

31. gr.

Hluthafafundir eru lögmætir, ef 3 hluthafar hið fæsta eða umboðsmenn þeirra sækja fund, nema samþyktir fjelagsins mæli öðruvísi.

77 Afl atkvæða ræður á hluthafafundum, nema öðruvísi sje kveðið á í
27. júní samþyktum. Enginn hluthafi getur þó farið með meira en $^1/_5$ samanlagðra atkvæða í fjelaginu. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

a. Að skylda hluthafa til þess að leggja fram fje eða annað í fjelagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
b. Að skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum að einhverju leyti eða öllu, nema fjelagi sje slitið eða hlutafje löglega fært niður.
c. Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.
d. Að ákveða, að áskrifendur hafi fyrirgert rjetti sínum til þess að fá hluti, fyrir það að greiðsludráttur hefir orðið af þeirra hendi á nokkrum hluta þess, sem þeir hafa lofað.
e. Að breyta tilgangi fjelagsins að verulegu leyti.
f. Að breyta ákvæðum samþyktanna um atkvæðisrjett, um forrjettindi, sem hlutum í fjelaginu fylgja, eða hlutdeild manna í því eða jafnrjetti hluthafa sín á milli, enda sje slíkt eigi áskilið í stofnsamningi.

32. gr.

Engan má kjósa í stjórn hlutafjelags, nema hann eigi hlut í fjelaginu, sje lögráður, hafi óflekkað mannorð, sje fjár síns ráðandi og fullnægi lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu, sem fjelagið rekur eða ætlar að reka, og til þess að mega eiga þær eignir, sem fjelagið á eða ætlar að eignast.

Fjelagsstjórn fer með málefni fjelagsins milli hluthafafunda. Hún ræður framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri, hefir umsjón með rekstri atvinnunnar, gerir reikningsskil og skuldbindur fjelagið, alt samkvæmt lögum og samþyktum fjelagsins.

33. gr.

Gera skal reikning yfir tekjur og gjöld hlutafjelags ár hvert og efnahagsreikning svo tímanlega, að hann verði endurskoðaður áður en ársfundur er haldinn.

Hluthöfum má að eins úthluta þeim hreinágóða, sem eftir verður, þegar afskrifað hefir verið og lagt til hliðar svo mikið, sem í samþyktum fjelags greinir, og eftir að unninn er upp reikningshalli, er vera kann frá fyrra ári.

Ef fjelag á sjóð eða sjóði, ætlaða til að vinna upp tap, má nota þá til þess, enda þótt tekjuafgangur verði á reikningsárinu. Sömuleiðis má hafa sjerstaka sjóði til tryggingar greiðslu arðs af hlutunum, er illa gengur, og það þó að reikningshalli verði.

34. gr.

Endurskoðendur mega ekki vera í stjórn fjelagsins. Þeir skulu vera lögráðir, með óflekkað mannorð og fjár síns ráðandi. Þeim er skylt að sann-

prófa það, að reikningunum beri saman við bækur fjelagsins, enda eiga þeir 77
aðgang að öllum bókum og skjölum fjelagsins, og er stjórn þess skylt að veita 27. júní
þeim allar upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar til starfa síns.

35. gr.

Nú fellir ársfundur tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá þegar ákveðið, að ný endurskoðun skuli fram fara og hverjir skuli framkvæma hana. Að þeirri endurskoðun lokinni skal boða til hluthafafundar af nýju, og skal hann taka ákvörðun um reikningana.

Aðalniðurstöðu reikninga ár hvert skal tilkynna til hlutafjelagaskrár og skrásetja.

36. gr.

Í samþyktum fjelags skal greina:

1. Nafn fjelags og heimili.
2. Tilgang þess.
3. Hlutafje og skifting þess í hluti, og, ef því er að skifta, um skyldu hluthafa til að þola lausn á hlutum, ákvæði um forrjettindahluti, hvort hlutabrjef skuli hljóða á nafn og hvort hömlur sjeu lagðar á meðferð hluthafa á þeim.
4. Reikningagerð og skifting arðs.
5. Um stjórn fjelagsins.
6. Um framkvæmdarstjóra og skipun hans eða þeirra.
7. Um endurskoðendur.
8. Um tilkynningar til fjelaga, hluthafafundi, atkvæðisrjett hluthafa og fundarsköp.
9. Um fjelagsslit.
10. Hvernig samþyktum megi breyta.

37. gr.

Nú telur hluthafi ályktun hluthafafundar ólögmæta, og er honum þá rjett að krefjast þess, að hún verði ónýtt með dómi, en birt skal hann hafa dómstefnu fyrir stjórn fjelags innan 3 mánaða eftir að ályktun var gerð. Dómsúrslit skal stjórnin þegar tilkynna til skrásetningar, hvort sem dómi hefir verið áfrýjað eða ekki.

Ákvæði 1. málsgr. um málshöfðunarfrest gildir ekki um ákvarðanir hluthafafundar samkvæmt 31. gr. 2. málsgr. a—f.

77
27. júní

VI. kafli.

Um fjelagsslit o. fl.

38. gr.

Slíta skal hlutafjelagi, ef hluthafar verða færri en 5, nema úr sje bætt innan 3 mánaða eftir að fjelagsstjórn fjekk vitneskju um þetta. Ef fjelagi er haldið áfram að þessum fresti liðnum, ábyrgjast þeir, er vísvitandi um ástandið gerðu saman samning fyrir hönd fjelags, allir fyrir einn og einn fyrir alla, efndir hans, auk fjelagsins.

Jafnskjótt sem fjelagsstjórn kemst að raun um, að svo er ástatt, sem í 1. málsgr. segir, ber henni að kveðja til hluthafafundar. Skal þá taka ákvörðun um fjelagsslit eða breytingar til að koma fjelaginu í löglegt horf. Ef eigi hefir verið úr bætt eða skilanefnd kosin á þeim tíma, sem fyrir segir, eða fjelagsbú fengið skiftarjetti til meðferðar, skal stjórnin fá skiftarjetti fjelagsbúið í hendur til opinberra skifta.

Ákvæði greinar þessarar eiga þó ekki við, ef annað fjelag, eða önnur fjelög, sem lög þessi taka til, verður eigandi að öllum hlutabrjefum fjelagsins, en í gjalddaga eru þá þegar fallnar allar kröfur á hendur fjelagi, er rennur þannig saman við annað fjelag.

39. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið fjelagsslit, nema fjelag megi ekki halda áfram eða bú þess sje tekið til gjaldþrotaskifta. Hluthafafundur getur annaðhvort afhent fjelagsbúið skiftarjetti til meðferðar eða kosið einn mann eða fleiri (skilanefnd) til þess að fara með mál fjelagsins meðan á fjelagsslitum stendur, og löggildir dómsmálaráðherra skilanefndarmenn. Skilanefnd kemur í stað stjórnar fjelagsins og hefir samskonar vald og skyldur, að því leyti sem við á, en sett getur hluthafafundur þá frá starfinu hvenær sem er. Meðan skilanefnd stjórnar fjelagi, gilda reglur laga þessara um hluthafafundi, reikningsskil og endurskoðun.

Skilanefnd skal jafnan fullum stöfum setja það orð með nöfnum sínum, er hún undirritar fyrir hönd fjelagsins.

40. gr.

Skilanefnd skal þegar gera efnahagsreikning fjelagsins, og reikningsskil síðan ár hvert, uns störfum hennar er lokið. Þó má efnahagsreikningur bíða, ef liðnir eru meira en 6 mánuðir af yfirstandandi reikningsári þegar hún tekur við, til loka þess reikningsárs.

41. gr.

Skilanefnd skal birta áskorun til skuldheimtumanna fjelagsins um að lýsa kröfum sínum fyrir henni, með sama hætti og sömu verkun sem í 22. gr. skiftalaga, nr. 3, 12. apríl 1878, og 10. gr. 1. málsgr. og 13. gr. laga nr. 14, 20. okt. 1905, segir.

Um rjettindi skuldheimtumanna og hluthafa, um eigandaskifti að hlutabrjefum og ábyrgð skilanefndar og hluthafa skal fara eftir 26. gr. 2.—6. málsgr., eftir því sem við á.

Þegar skuldir eru greiddar eða trygging sett og hluthafafundur hefir samþykt fullnaðarreikninga skilanefndar, má greiða hluthöfum það, sem skuldlaust kann að verða eftir.

Ágreining um skuldakröfur og um skiftingu fjelagseigna með hluthöfum má bera undir skiftarjett þann, er átt hefði að fara með bú fjelagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skifta.

Skilanefnd ber að afhenda bækur fjelagsins á Þjóðskjalasafnið, og skal geyma þær þar að minsta kosti 10 ár eftir að fjelagsslitum er lokið.

42. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið að afsala öðru hlutafjelagi öllum eigum sínum eða sameinast því. Tilkynna skal ákvörðun um þetta til skrásetningar innan viku, og þegar ákvörðunin er framkvæmd, þá skal og tilkynna það lögum þessum samkvæmt. Að öðru leyti skal með fara samkvæmt 39.—41. gr., svo sem við á.

43. gr.

Nú er ákveðið að minka hlutafje fjelags um meira en helming, og skal þá fara eftir fyrirmælum 39.—41. gr., eftir því sem við á.

44. gr.

Stjórn hlutafjelags er rjett og skylt að framselja bú þess til gjaldþrotaskifta með sama hætti sem einstaður maður getur gert eða skal gera það um bú sitt. Á henni hvíla samsvarandi skyldur til þess að veita skiftarjetti upplýsingar um búið sem einstökum mönnum, enda liggur sama við, ef út af er brugðið.

Skiftarjettur skal tilkynna skrásetningar upphaf og lok gjaldþrotaskifta.

77
27. júní

VII. kafli.

Um erlend hlutafjelög.

45. gr.

Hlutafjelög, sem heimili eiga erlendis og lögleg eru samkvæmt þarlandslögum, mega starfa hjer á landi undir samsvarandi skilyrðum sem annara ríkja þegnar eða menn heimilisfastir erlendis.

Þá starfar erlent hlutafjelag hjer, ef það hefir hjer skrifstofu eða atvinnustöð, hvers kyns sem er, þar á meðal til þess að safna tilboðum (agentur).

46. gr.

Eigi má erlent hlutafjelag taka til starfa fyrr en það er skrásett hjer á landi þar sem bækistöð þess, sbr. 45. gr. 2. málsgr., er, og ef í fleiri lögsagnarumdæmum eru, þá í hverju þeirra áður en fjelagið hefur starf sitt þar. Um tilkynning til skrásetningar fer svo sem við á eftir 12. gr. 1. málsgr. 1.—4. og 6.—16. tölul. og 2. málsgr. c-lið. Tilkynningu skal ennfremur fylgja:

1. Vottorð þarum bærs embættismanns, staðfest af ræðismanni, um að fjelagið sje löglegt samkvæmt þarlandslögum og eigi þar heimilisfang.
2. Yfirlýsing frá stjórn fjelagsins, staðfest af notarius publicus, um að fjelagið undirgangist, að viðskifti þess hjer fari eftir íslenskum lögum, að umboðsmaður þess hjer sje bær um að sættast á þau hjer og svara til sakar vegna þeirra skifta fyrir íslenskum dómstólum.
3. Einkaumboð handa manni, einum eða fleirum, til þess að fara með málefni fjelagsins hjer á landi, og fullnægi umboðsmaður lögmæltum skilyrðum til þess að reka atvinnu fjelagsins hjer í sjálfs sín nafni.
4. Skilríki fyrir því, að fjelagið eigi hjer eignir, eigi minna en 10 þúsund króna virði, til tryggingar greiðslu þeirra skulda, er fjelagið kann að komast í vegna starfa sinna hjer, svo og skýrslu um, hvernig verðmæti þeirra eigna er ákveðið, ef þær eru eigi í peningum.

47. gr.

Ef erlent fjelag byrjar störf hjer á landi án þess það sje löglega tilkynt til skrásetningar, ábyrgjast þeir, sem hjer koma fram fyrir þess hönd, einn fyrir alla og allir fyrir einn, skuldir þær, sem hjer verða til vegna starfsins.

48. gr.

Umboðsmanni erlends fjelags ber að tilkynna til skrásetningar allar breytingar á hverju því, sem skrásett hefir verið, sbr. 14. gr. Reikninga starfseminnar hjer, sbr. 33. gr., skal senda lögreglustjóra til skrásetningar 3 mánuðum eftir lok reikningsárs hvers.

49. gr.

Sá eða þeir, sem skuldbinda erlent fjelag hjer, skulu við undirskrift sína nefna hlutafjelagið fullu nafni og heimili þess, Og ef fjelag er undir forræði skilanefndar, þá skal þess einnig geta.

50. gr.

Nú sannar skuldheimtumaður með aðfarargerð, að erlent fjelag, sem starfar hjer á landi, á hjer eigi nægar eignir til þess að greiða kröfu hans, og skal þá afmá fjelagið úr hlutafjelagaskrám hjer, ef hann krefst þess, og auglýsa það þegar í Lögbirtingablaðinu, enda má eigi fyrr skrásetja fjelagið hjer aftur en skuldin er greidd eða samþykki skuldheimtumanns kemur til.

51. gr.

Ef erlent fjelag verður gjaldþrota, er umboðsmanni þess hjer skylt að tilkynna þetta, þegar er hann veit um það, til hluthafaskrár og skiftarjettar þar, sem fjelagið starfar hjer. Ella bakar hann, eða þeir ef fleiri eru, sjer ábyrgð á skuldum, sem eftir það verða til vegna atvinnunnar hjer, samkvæmt 47. gr.

VIII. kafli.

Ákvæði um refsingar o. fl.

52. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, skilanefnd eða umboðsmenn erlendra hlutafjelaga að inna af hendi skylduverk sín samkvæmt lögum þessum, samþyktum fjelagsins eða ályktun hluthafafundar, og getur þá atvinnumálaráðherra boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, sem taka má lögtaki, að inna verkið af höndum. En rjett er þeim, sem sektaður er, að bera lögmæti skipunar ráðherra undir dómstóla innan mánaðar frá birtingu skipunar. Mál það má höfða á hendur ráðherra fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelags, sbr. 18. gr. 2. málsgr. og 46. gr. 2. tölul.

53. gr.

Það varðar stofnendur, stjórnendur, skilanefndarmenn og umboðsmenn erlendra fjelaga hjer sektum eða fangelsi, sbr. 26. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, enda sje verkið ekki svo vaxið, að þyngri refsing sje lögmæt, ef þeir:

1. Herma vísvitandi rangt eða villandi í boðsbrjefi, skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða annara forráðamanna fjelags eða í tilkynningu til hlutafjelagaskrár.

77 27. júní

2. Brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um útgáfu hlutabrjefa eða bráðabirgðaskírteina, um greiðslu arðs eða endurgreiðslu hluta.

54. gr.

Það varðar sektum, alt að 2000 kr., ef þeir, er í 53. gr. segir:

1. Gerast sekir af stórfeldu gáleysi um brot þau, er í 53. gr. segir, eða
2. Herma vísvitandi rangt eða villandi, en án þess, að 53. gr. eða önnur lög taki þar til, í skjölum, viðskiftabrjefum, umburðarbrjefum eða tilkynningum um efnahag eða eignir fjelags þess, er þeir stýra eða fara með umboð þess, sbr. 46. gr. 3. tölul.

55. gr.

Sá, er vanrækir tilkynningar til hlutafjelagaskrár lögum þessum samkvæmt, skal sæta sektum, alt að 1000 krónum.

56. gr.

Hluthafi, sem þiggur fje til þess að neyta ekki atkvæðisrjettar síns eða greiða atkvæði fjelaginu í óhag, sætir sektum, nema verkið sje svo vaxið, að þyngri refsing sje lögmælt.

57. gr.

Stjórnendur, skilanefndarmenn eða umboðsmenn erlendra fjelaga sæta sektum, ef þeir vanrækja verulega starf sitt í þarfir fjelagsins eða gera ráðstafanir gegn betri vitund, fjelaginu í óhag, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

58. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Með mál útaf brotum þeim, er í 53.—57. gr. segir, skal fara sem almenn lögreglumál.

59. gr.

Hlutafjelög, stofnuð áður lög þessi öðlast gildi, svo og erlend fjelög, er starfa hjer, skulu tilkynt til skrásetningar fyrir 1. júlí 1922. Í tilkynningu skal vera greinargerð samkvæmt 12. gr. 1. málsgr. 1.—4. og 6.—16. tölul. og 3. málsgr. og 13. gr., ef því er að skifta, og 46. gr. Svo skulu tilkynningu og fylgja skjöl þau, er í 12. gr. 2. málsgr. c og d getur, að því leyti sem við á.

Frá því er fjelag samkvæmt 1. málsgr. er skrásett, skal fara eftir fyrirmælum 1., 2., 11. og 13.—58. gr. laga þessara, eftir því, sem við á. Nú fullnægir stjórn fjelags ekki ákvæðum 32. gr. 1. málsgr., eða umboðsmaður fyrirmælum 46. gr. 3. tölul., og getur atvinnumálaráðherra veitt alt að 2 ára frest til þess að koma málinu í löglegt horf.

Nú er fjelag ekki tilkynt áður frestur sá, er í 1. málsgr. segir, er liðinn eða máli eigi komið í löglegt horf samkvæmt 2. málsgr. 2. málslið, og skal þá slíta fjelaginu eða strika erlent fjelag út af hlutafjelagaskrám. Ef lögreglu-

stjóri synjar skrásetningar eða ágreiningur er um hæfileika stjórnenda eða umboðsmanns, má bera málið undir atvinnumálaráðherra og dómstóla. Nú skýtur aðili ákvörðun lögreglustjóra til ráðherra eða dómstóla innan 2 mánaða eftir að hún varð honum kunn og ákvörðunin verður staðfest, og skal þá eigi slíta fjelagi eða strika það af skrá, ef aðili bætir um það, er áfátt var, innan 4 mánaða frá dagsetning úrskurðar ráðherra eða uppsögu fullnaðardóms í málinu. Ef aðili vill eigi una úrskurði ráðherra, getur hann skotið málinu til dómstóla innan 2 mánaða frá dagsetning úrskurðar, og ef þar verður sama niðurstað, fer um fjelagsslit og útstrikun af skrá sem áður segir.

Mál útaf þeim atriðum, er hjer segir, skal höfða á hendur lögreglustjóra fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelags eða starfstöðvar, sbr. 46. gr.

Nú er fjelagi eigi slitið svo sem boðið er í þessari grein, og skal þá fara svo sem í 38. gr. 1. og 2. málsgr. 2. málslið og 47. gr. segir.

60. gr.

Gjöld fyrir störf þau er lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð, og eru þau sem hjer segir:

Fyrir að taka við og skrásetja tilkynningu um fjelag, sem eigi hefir verið skrásett áður ..... 30 kr.

Fyrir tilkynningu og skrásetningu útibús og starfstöðvar erlendra fjelaga greiðist ..... 20 —

Fyrir að taka við og skrásetja breytingar á eða viðauka við það, sem áður hefir verið skrásett ..... 15 —

Fyrir eftirrit úr hlutafjelagaskrá greiðist lögreglustjóra samkvæmt 10. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917, 1. málsgr., og fyrir munnlegar skýrslur um einstakt hlutafjelag 2. kr.

Heimilt er öllum yfirvöldum að krefjast ókeypis eftirrits eða munnlegrar skýrslu um einstök atriði úr hlutafjelagaskrá.

61. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Frá sama tíma eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 42, 13. nóv. 1903, um tilkynningar og skrásetning hlutafjelaga þeirra, sem lög þessi taka til, svo og ákvæði 36. gr. sömu laga um gjöld fyrir skrásetningu o. fl. þessara fjelaga.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.